

Samningur um aðild að STEFi

Framsal réttinda til STEFs

Ég undirritaður höfundur/rétthafi framsel hér með STEFi einkarétt til gæslu höfundaréttar af öllum tónverkum mínum og/eða textum með þeim skilmálum sem að neðan greinir. Framsalið felur í sér aðild að STEFi.

Framsal þetta gildir jafnt vegna þeirra tónverka og texta sem ég hef nú þegar samið og þeirra sem ég mun semja í framtíðinni.

Til að STEF geti gætt réttinda minna mun ég skrá öll verk mín hjá samtökunum og veita þeim aðrar upplýsingar sem til þarf.

Tekur framsal þetta til hvers konar hagsmunagæslu varðandi höfundarétt minn og nær það til eftirfarandi flokka:

1. Opinber flutningur (að öðru leyti en greint er í 2. og 3. lið)
2. Útvarpsflutningur (hljóðvarp og sjónvarp, þ.m.t. endurvarp og netútvarp)
3. Netmiðlun (bæði streymi og niðurhal, þó ekki netútvarp)
4. Eintakagerð hljóðrita (með eða án myndar)
5. Hljóðsetning myndefnis.

Framsalið gildir fyrir allan heiminn nema samið sé sérstaklega um annað við STEF.

Ég geri mér grein fyrir að framsal þetta og skuldbindingar sem í því felast gilda jafnt um undirritaðan höfund/rétthafa svo og þá sem erft geta höfundaréttinn. Sé um að ræða fleiri en einn erfingja er STEFi heimilt að fara fram á að þeir komi sér saman um einn fyrirsvarsmann sem taki við greiðslum fyrir hönd þeirra og njóti um leið réttinda sem í aðild að samtökunum felast.

Undanskilin framsali þessu eru þau tónverk og textar sem sérstaklega hafa verið samin sem hluti af leikverki, s.s. ef um er að ræða leikhúsverk, óperu, söngleik eða ballett, og framseld hafa verið til framleiðanda leikverksins eða annars (svonefnd stórréttindi).

Framsal réttinda minna til STEFs vegna hljóðsetningar er þó takmarkað við hljóðsetningarleyfi NCB eða önnur sambærileg leyfi sem byggja á staðlaðri verðskrá eða samningum STEFs. Framsalið nær þó ekki til þess að semja um afnot og greiðslu fyrir: tónlist í kvikmyndum, sýnishorn úr kvikmyndum, kynningarefni og auglýsingar, þemalög eða einkennislög þátta, heimilda- og stuttmyndir sem ætlaðar eru til sýningar í kvikmyndahúsum og tónlist í leiknum dramaþáttaröðum. Framsalið gildir þó um slíkar þáttaráðir ná dreifing þeirra eingöngu til Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna.

Þrátt fyrir ofangreint framsal hef ég undirritaður höfundur/rétthafi ávallt heimild til að semja við tónlistarforleggjara í samræmi við reglur STEFs, á þann hátt að hluti greiðslu vegna notkunar verkanna frá höfundaréttarsamtökum fari til tónlistarforleggjarans, enda tilkynni ég STEFi þegar í stað um slíka samninga.

Ég veiti STEFi umboð og einkarétt til að vernda þá höfundarhagsmuni mína sem tilgreindir eru hér að ofan, þ.á.m. að semja um gjöld fyrir afnot verka minna og að innheimta gjöldin, til málshöfðunar til verndar hagsmunum mínum svo og að framkvæma hvaðeina sem hér að lýtur og henta þykir.

Ég hef kynnt mér samþykktir STEFs ásamt úthlutunarreglum og reglum STEFs um vinnslu persónuupplýsinga og skuldbind mig til þess að hlíta þeim í einu og öllu sem og ákvörðunum stjórnar og fulltrúaráðs á hverjum tíma. Mér er ljóst að STEF getur gert breytingar á aðildarsamningi þessum og eru slíkar breytingar skuldbindandi gagnvart mér enda séu þær kynntar með skýrum hætti af hálfu STEFs.

Ég samþykki að STEF hafi heimild til að senda mér með tölvupósti eða á annan rafrænan hátt fréttabréf samtakanna eða aðrar tilkynningar sem samtökin telja að eigi erindi við mig.

Samningur þessi tekur gildi þegar STEF hefur staðfest móttöku hans. Hægt er að segja samningi þessum upp skriflega með sex mánaða fyrirvara en uppsögn tekur gildi fyrstu áramót eftir uppsagnarfrestinn. Sama á við um breytingar sem undirritaður höfundur/rétthafi vill gera á réttindaflokkum og svæðum. Mér er ljóst að STEFi er heimilt að innheimta hærri umsýslugjöld ef framsal er takmarkað umfram það sem fram kemur í samningi þessum.

Til útfyllingar og undirritunar af höfundi/rétthafa:

NAFN: _____

HEIMILISFANG: _____

PÓSTNÚMER & STAÐUR: _____

KENNITALA: _____

BANKANÚMER: _____

SÍMANÚMER: _____

NETFANG: _____

STAÐUR OG DAGS.: _____

UNDIRSKRIFT: _____